



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Áherslupættir grunnskóla við innleiðingu menntastefnu

„Það fer svo lítið nám fram ef börnum líður ekki vel“

Stella Björk Einarsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Júní 2022

DEILD MENNTUNAR OG MARGBREYTILEIKA

Áherslupættir grunnskóla við innleiðingu menntastefnu

„Það fer svo lítið nám fram ef börnum líður ekki vel“

Stella Björk Einarsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í Uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Jón Ingvar Kjarn

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2022

Áherslupættir grunnskóla við innleiðingu menntastefnu,
„Það fer svo lítið nám fram ef börnum líður ekki vel“

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í uppeldis- og menntunarfræði við deild menntunar og
margbreytileika á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2022 Stella Björk Einarsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Lokaverkefni þetta til BA-prófs er eigindleg rannsókn á upplifun starfsfólks grunnskóla af menntastefnu. Meginmarkmið verkefnisins er að varpa ljósi á mikilvægi innleiðingarferlisins þegar kemur að menntastefnu grunnskóla. Rannsóknin er unnin út frá eftirfarandi rannsóknarspurningu: *Hvernig hefur menntastefna áhrif á skólastarf og hver er upplifun starfsfólks af menntastefnu grunnskóla?* Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hugtakið menntastefna og hver skilningur á hugtakinu er á vettvangi skóla. Rætt var við stjórnendur og kennara um viðhorf þeirra og sýn á menntastefnu og það borið saman við fyrirliggjandi menntastefnu hins opinbera og rannsóknir. Þemun sem komu fram við greiningu gagna eru: *Teymiskennsla, Einstaklingsmiðað nám og Gleði og vellíðan í skólastarfi*. Þetta voru þeir þættir sem starfsmenn skólans lögðu mesta áherslu á í menntastefnu skólans. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að viðhorf starfsfólks skóla til menntastefnu er almennt jákvætt. Það skiptir þó máli að menntastefnan sé skýr og eftirfylgni lykilatriði til að tryggja það að henni sé fylgt eftir. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög sinni skyldu sinni í eftirfylgni með skólastarfi svo hægt sé að betrumbæta það. Rödd skólastarfsmanna þarf að fá að heyrast þegar kemur að stefnumótun því það eru þeir sem hafa það hlutverk að innleiða menntastefnuna í skólastarfið.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Myndaskrá.....	5
Töfluskrá	5
Formáli	6
1 Inngangur.....	7
2 Fræðilegur bakgrunnur.....	8
2.1 Skilgreiningar á hugtökum.....	8
2.2 Stofnanir sem hafa áhrif á menntastefnu	9
3 Rannsóknin	12
3.1 Tilgangur rannsóknar.....	12
3.2 Rannsóknaraðferð	12
3.3 Þátttakendur.....	12
3.4 Framkvæmd og greining gagna	13
3.5 Siðferðileg álitamál.....	14
4 Niðurstöður og umræður.....	15
4.1 Teymiskennsla	15
4.1.1 Aðstaða.....	15
4.1.2 Samvinna	17
4.2 Einstaklingsmiðað nám.....	19
4.2.1 Nemandinn í forgrunn	19
4.2.2 Fjölbreytt námsumhverfi.....	21
4.3 Gleði og vellíðan í skólastarfi.....	24
4.3.1 Gleði og vellíðan nemenda.....	25
4.3.2 Líðan starfsfólks og nemenda.....	27
5 Lokaorð.....	30
Heimildir.....	32
Viðauki A: Viðtalsrammi.....	37

Myndaskrá

Mynd 1. Kerfi sem hafa áhrif á menntun nemenda 11

Töfluskra

Tafla 1: Þemu..... 15

Formáli

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Frá því ég stundaði nám í grunnskóla hef ég fundið fyrir þeirri löngun að betrubæta skólakerfið þar sem ég tel það vera ein helsta undirstaða samfélagsins. Ég vil þakka fjölskyldu minni fyrir óendanlegan stuðning í gegnum námið. Sömuleiðis vil ég þakka maka mínum Jóel Ísak Jóelssyni fyrir mikinn stuðning og umburðarlyndi. Að lokum vil ég þakka leiðbeinanda mínum Jóni Ingvari Kjaram fyrir stuðning, hvatningu og góða samvinnu. Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvændni í öflun og miðlun upplýsinga sem og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Lundi, Svíþjóð 4. maí 2022

Stella Björk Einarsdóttir

1 Inngangur

Á Íslandi göngum við öll í gegnum 10 ára grunnskólagöngu, að jafnaði frá 6 til 16 ára aldurs, þar sem hér er skólaskylda samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Grunnskólaárin eru virkilega mótandi og mikilvægt þroskaskeið í lífi einstaklinga. Þessi tími er þar af leiðandi kjörinn til að veita einstaklingum gott veganesti út lífið með því að stuðla að alhliða þroska og velferð nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Mikilvægt er að hafa framtíðarsýn í menntamálum, einkum nú á tímum þar sem takast þarf á við fjölmargar áskoranir og krefjandi verkefni sem hafa jafnframt djúpstæð og margvísleg áhrif á framtíðina. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að spá fyrir framtíðinni þá skiptir miklu máli að horfa fram á veg til að vera undirbúin fyrir hana (Siry, 2020). Þegar kemur að framtíðarsýn í íslenskum menntamálum spilar menntastefna ríkisins lykilhlutverk. Nýverið gaf Alþingi út nýja menntastefnu til ársins 2030 þar sem lögð eru fram leiðarljós og gildi sem eiga að vera áhersluþættir í íslenskum menntastofnunum (Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun).

Íslenska menntakerfið er málefni sem snertir marga í samfélaginu og skoðanir manna eru eins mismunandi og þær eru margar. Ýmsir hafa fjallað opinberlega um áhyggjur sínar af skólakerfinu og í kjölfar þess hefur myndast umræða um þetta málefni í samfélaginu. Til að mynda hefur Hermundur Sigmundsson (2019) fjallað um áhyggjur sínar af stöðu drengja og lökum árangri þeirra í lestri hann bendir á að um það bil þriðjungur drengja í grunnskóla geta ekki lesið sér til gagns við lok grunnskólagöngu. Niðurstöður alþjóðakannana líkt og Pisa sýna að Ísland stendur höllum fæti í fleiri greinum en lestri í samanburði við aðrar þjóðir (Menntamálastofnun, 2019). Nýverið hefur Magnús Þór Jónsson formaður Kennarasamband Íslands vakið athygli á að margt bendir til þess að taka þurfi mark á þessum niðurstöðum og bregðast við þeim (Kristján Kristjánsson, 2022). Þar að auki hefur verið stofnaður Facebook hópur undir nafninu *Sagan okkar*. Í hópnum segir fólk frá upplifun sinni og reynslu af skólakerfinu. Meðlimir hópsins eru um það bil 3.500 manns sem gefur vísbendingar um að umræðan um menntamál er á vörum fólks (*Sagan okkar*, e.d.). Sitt sýnist hverjum og má segja að þessar umræður hverfist óbeint um menntastefnu og hvert skal stefna þegar kemur að menntun ungmenna.

Í þessari ritgerð verður farið yfir hugtakið menntastefna og hvaða hagsmunaaðilar hafa áhrif á hana. Einnig verður skoðuð upplifun starfsfólks grunnskóla af menntastefnu og hvernig hún hefur áhrif á starfið. Farið verður yfir hverjir hafa áhrif á menntastefnu innan skóla og hvernig hún er útfærð í skólastarfi. Tekinn verður fyrir einn skóli í tilteknu sveitarfélagi og áhersluþættir stefnunnar kannaðir. Í þessari ritgerð verður spurt: *Hvernig hefur menntastefna áhrif á skólastarf og hver er upplifun starfsfólks af menntastefnu grunnskóla?*

2 Fræðilegur bakgrunnur

2.1 Skilgreiningar á hugtökum

Stefna (e. *policy*) hjá skipulagsheild (e. *organization*) eða stofnunum (e. *institutions*) getur verið gagnlegur leiðarvísir til að tryggja gæði starfs og marka ákveðinn farveg. Hægt er að skilgreina orðið stefna á mismunandi hátt. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), skilgreinir stefnu sem leiðarvísi til ákvarðanatöku eða aðgerða innan skipulagsheildar eða stofnunar (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2021). Samkvæmt Stjórnarráði Íslands (2017) inniheldur stefna heildstæða áætlunargerð sem felur í sér markmið, gildi og framtíðarsýn. Með því að hafa stefnu að leiðarljósi er auðveldara að fá heildstæða mynd af starfinu og eykur um leið fyrirsjáanleika í ákvarðanatöku innan skipulagsheilda/stofnanna (Stjórnarráð Íslands, 2017).

Fræðimaðurinn Ball setti fram gagnrýna sýn á stefnuhugtakið og skilgreinir það á tvo vegu: annars vegar er stefna texti (e. *policy as text*) og hins vegar orðræða (e. *policy as discourse*). Stefna sem texti inniheldur skipulagningu á starfi. Þar kemur ekki fram einhver ein leið um hvað skal gera heldur inniheldur hún valmöguleika um hvernig best væri að leysa hin ýmsu vandamál. Stefna sem orðræða eru ákveðin vinnubrögð eða norm sem unnið er eftir sem starfsmenn móta í gegnum orð og verknað. Þegar kemur að gerð stefnu þá spilar valdastaða stóran þátt þegar hlutverkum er úthlutað í þeim tilgangi að allir viti sitt hlutverk. Það er margt sem hefur áhrif á gerð stefnu, til að mynda saga samfélagsins og margt í samfélaginu sem endurspeglast í hinum ólíku stefnumum. Stefnur litast af núgildandi venjum, ríkjandi gildum og normi samfélagsins. Ball vekur athygli á því að stefnan getur speglað stéttaskiptingu og ójöfnuð sem á sér stað í samfélaginu og tekur því ekki mið af jaðarhópum þess (Ball, 1993; Ball, 1997).

Guðmundur Finnbogason (1994) greindi frá í bók sinni *Lýðmenntun* að menntunarhugtakið er tvískipt og byggist annars vegar á manneðlinu og hins vegar á markmiði menntunar. Hugmynd hans um menntun er að efla manneðlið í heild sinni og koma á samræmi milli allra líkams- og sálarafra mannsins. Menntun manns eigi því að metast af hæfni hans til að lifa og starfa í samfélagi þannig að líf hans verði með hverjum degi verðmætara fyrir hann og aðra. Að hafa stefnu í menntun eða menntastefnu er undirstaða þess að tryggja gæði menntunar (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2021). Samkvæmt Dewey (1938/2000) er menntastefna (e. *educational policy*) meira en áætlun um framkvæmd skólstarfs. Við gerð hennar þarf að taka mið af því hvað starfið felur í sér og hvernig á að framkvæma það. Móta þarf áætlun um kennsluáferðir, námsefni, aga, búnað og félagslegt skipulag skólans. Ef það kemur ekki fram í menntastefnunni hvernig aðgerðir skulu vera framkvæmdar þá verður stefnan óskýr og hún svífur í lausu lofti. Þá er hætta á að það verði ósamræmi í því hvernig hún er túlkuð og starfinu þá hagrætt eftir

hentugleika. Það gerir það að verkum að starfið verður eins og einn stór bútasamur sem einkennist af skipulagsleysi og ósamræmi í starfi. Góð menntastefna er skýr og inniheldur hvernig framkvæma eigi skólastarfið (Dewey, 1938/2000).

2.2 Stofnanir sem hafa áhrif á menntastefnu

Aðkoma hins opinbera er veigamikil þegar kemur að grunnskólastarfi. Í lögum um grunnskóla (91/2008) er farið yfir stjórnskipan grunnskóla. Mennta- og barnamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna grunnskólans, setur fram aðalnámskrá og sinnir ytra eftirliti með gæðum skólastarfs. Mennta- og barnamálaráðuneyti sinnir eftirliti með að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög og reglugerðir segja til um. Alþingi leggur fram menntastefnu ríkisins og sveitarfélög eiga svo að setja almenna stefnu um grunnskólahlald í þeirra sveitarfélagi. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildstæðu skipulagi grunnskóla ásamt því að sjá um almennan rekstur þeirra og úthlutun fjármagns (Lög um grunnskóla 91/2008). Rekstur grunnskóla er fjármagnaður með tekjustofnum þess, útsvari, fasteignasköttum og framlögum úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga (Lög um tekjustofna sveitarfélaga 4/1995). Framlög úr jöfnunarsjóði eru til þess gerð að jafna mismunandi kostnað sveitarfélaga og er einn stærsti liður jöfnunarsjóðsins almennt framlag til reksturs grunnskóla (Reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018; Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, 2022).

Nýverið gaf Alþingi út nýja menntastefnu fyrir árin 2021-2030 sem byggir á gildunum þrautseigja, hugrekki, þekking, hamingja og sjálfbærni. (Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun). Hlutverk ríkisins er að setja skýrt fram til hvers er ætlast af skólum án þess að gefa fyrirmæli um hvernig það skal gert (Pijl og Frissen, 2009). Með tilkomu nýrrar menntastefnu ríkisins hafa sveitarfélög gefið út sína stefnu um grunnskólahlald í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Sveitarfélög sinna ytra mati samhliða ráðuneytinu, þeirra hlutverk er að sinna eftirliti með gæðum grunnskólastarfsins og veita ráðuneytinu upplýsingar um framkvæmd skólastarfsins, framgang menntastefnunnar og áætlanir varðandi umbætur í skólastarfinu. Hver og einn grunnskóli sér um sitt innra mat með því að meta árangur, gæði og áætlanir um umbætur starfsins. Grunnskólar eiga að birta slíkar upplýsingar opinberlega svo að sveitarfélög geti fylgt eftir innra og ytra mati í þeim tilgangi að bæta starf og tryggja gæði þess (Lög um grunnskóla 91/2008).

Alþingi hefur hvað mest að segja þegar kemur að mótun menntastefnu og setur fram leikreglur fyrir sveitarfélög og grunnskóla að fylgja eftir. Þar eru teknar ákvarðanir um meginmarkmið og stjórnun menntakerfisins sem ríkisvaldinu er ætlað að framkvæma og hafa eftirlit með. Pólitísk og lagaleg ábyrgð liggur hjá þinginu til að setja fram lagaramma og þingsályktanir um skólastarf. Mennta- og barnamálaráðuneyti sér um útfærslu laganna og reglugerðanna sem koma að skólamálum (Organisation for Economic Co-operation and


Development, 2021). Aðalnámskrá grunnskóla er sá rammi sem stjórnvöld setja um fyrirkomulag náms og kennslu. Aðalnámskrá er helsta stjórnæki yfirvalda til að tryggja samhæfingu skólastarfs og útfærslu menntastefnunnar sem stjórnvöld setja fram (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Í skýrslu OECD um innleiðingu menntastefnu kemur hins vegar fram að stjórnun íslenska menntakerfisins hefur ekki enn fundið jafnvægi milli ríkisins og sveitarfélaga þegar kemur að eftirliti og stuðningsþjónustu. Hlutverk þessara stofnanna eru óskýr og illa skilgreind. Með tilkomu nýrrar menntastefnu þurfi stjórnvöld að huga að umbótum á þessum þáttum til að innleiðing nýrrar menntastefnu verði árangursrík (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2021).

Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er kafli sem fjallar um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs. Markmið þess er meðal annars að tryggja að lögum sé fylgt, reglugerðum og aðalnámskrá í starfsemi skóla. Þar að auki á matið að stuðla að umbótum og auka gæði bæði í námi og skólastarfi. Grunnskólarnir sjá um innra mat en sveitarfélög og ráðuneytið sjá um ytra mat á skólastarfi. Hlutverk sveitarfélaga er að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Sveitarfélög hafa upplýsingaskyldu sem felur í sér að veita ráðuneytinu upplýsingar, meðal annars um ytra mat sveitafélaga, innra mat skóla, framgang og áætlun um umbætur skólastefnu sinnar. Mennta- og barnamálaráðuneytið sér um greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum og út frá sinni eigin gagnaöflun (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Út frá menntastefnu ríkisins eiga sveitarfélög að útfæra sína eigin menntastefnu eftir þeirra áherslum (Birna Svanbjörnsdóttir o.fl., 2019; Munnleg heimild, 25. mars).

Samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) ber skólum skylda að fylgja lögum og reglugerðum ríkisins sem og ákvörðunum sveitarfélaga um fyrirkomulag skólahalds. Grunnskólar gera það með skólanámskrá sem á að innihalda nánari útfærslu á markmiðum aðalnámskrár grunnskóla, inntaki náms, námsmati, starfsháttum og innra mati á árangri og gæðum starfsins. Skólanámskrána geta skólar sniðið að sérstöðu og aðstæðum hvers og eins (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Innan skóla eru skólastjórnendur sem sjá almennt um umgjörð skólans sem stofnun. Þeir sjá einnig til þess að gildum og hugmyndafræði skólans sé fylgt. Kennarar hafa yfirgripsmikið hlutverk og starf þeirra hefur mest áhrif á nemendur og gæði þeirrar menntunar sem þeir hljóta. Kennarar hafa svo það hlutverk að innleiða hugmyndir og stefnu ríkisins, sveitarfélaga og skólastjórnenda (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021).

Bronfenbrenner setti fram kerfakenningu þar sem hann lagði fram að það þyrfti að skoða einstakling út frá því hvernig umhverfið hefur áhrif á hann. Meðal þeirra kerfa eru lýðkerfi (e. *macrosystem*), millikerfi (e. *mesosystem*) og nærkerfi (e. *microsystem*). Hægt er að tengja þessa kenningu við þau kerfi sem umvefja skólastarfið og hefur áhrif á menntun grunnskólanema. Í nærkerfi nemenda er umsjónarkennari og skólastofan sem stendur

nemandanum næst. Þar á eftir kemur millikerfi þar eru grunnskólinn og stjórnendur skólans. Í lýðkerfinu er síðan hið opinbera sem býr til almenna stefnu um skólastarf (Bronfenbrenner, 1992; Berger, 2017). Hér fyrir neðan sést skýr mynd af þeim hagsmunaaðilum sem hafa ákveðnum hlutverkum að gegna og bera ábyrgð á umgjörð og mótun menntastefnu (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021).



Mynd 1. Kerfi sem hafa áhrif á menntun nemenda

Líkt og kemur fram hér að ofan þá eru það ríkið, sveitarfélög og grunnskólar sem hafa það hlutverk að setja fram og móta menntastefnu. Allar þessar stofnanir hafa mismunandi áherslur sem getur gert það að verkum að ýmsar áskoranir felast í innleiðingarferli stefnunnar (Aizawa og Rose, 2018). Margir fræðimenn hafa bent á að ríki og sveitarfélög þurfi að veita þeim sem innleiða stefnuna stuðning til þess að innleiðingarferlið verði farsælt (Aizawa og Rose, 2018; Borg 2015; Lin og Morrison, 2010; Schaefer og Kieslinger, 2016). Í rannsókn Schaefer og Kieslinger (2016) kemur fram að skólar og stjórnvöld ættu að taka meiri mark á áliti kennara og nemenda þar sem það eru þeir sem vinna á gólfinu. Í rannsókn þessari er kerfakenning Bronfenbrenner höfð til hliðsjónar þar sem viðhorf hagsmunaaðila eru rannsökuð og viðtöl tekin við fræðsluyfirvöld, stjórnendur og kennara til að sjá heildarmyndina. Ekki voru þó tekin viðtöl við nemendur sem væri áhugaverður vinkill og myndi gefa skýrari mynd af innleiðingunni og hvernig til tekst.

3 Rannsóknin

Í þessum hluta verður fjallað um rannsóknina, aðferðafræði, þátttakendur og framkvæmd hennar.

3.1 Tilgangur rannsókna

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða upplifun skólustarfsmanna af menntastefnu og hver skilningur þeirra er á hugtakinu. Ákveðið var að taka fyrir menntastefnu Reykjanesbæjar og tekin voru viðtöl við þrjá starfsmenn grunnskóla bæjarins. Menntastefna Reykjanesbæjar sem ber titilinn *Með opnum hug og gleði í hjarta* byggir á þremur leiðarljósum; *börnin mikilvægust, kraftur fjölbreytileikans og faglegt menntasamfélag*. Þær stefnuáherslur sem hafðar eru í forgrunni eru *við og jörðin, sköpunargleði, mér líður vel, allir með og opnum hugann* (Reykjanesbær, e.d.). Reykjanesbær er stærsta sveitarfélag landsins fyrir utan höfuðborgarsvæðið (Hagstofa Íslands, e.d.). Þar að auki eru mestu fjárveitingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Reykjanesbæjar (Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, 2022). Þess vegna ákvað rannsakandi að taka fyrir skóla í Reykjanesbæ og rannsaka upplifun starfsfólks af innleiðingu stefnu ríkisins og Reykjanesbæjar.

3.2 Rannsóknaraðferð

Rannsókn þessi er eigindleg og byggir meðal annars á viðtölum við: skólastjóra, deildarstjóra og kennara eins skóla og því er um tilviksrannsókn að ræða. Tekið var viðtal við deildarstjóra miðstigs og kennara á miðstigi. Ákveðið var að taka fyrir miðstig til að fá heildarmynd af því skólastigi. Markmið eigindlegra rannsókna (e. *qualitative research*) er að fá innsýn og skilning þátttakanda á því sem er verið að rannsaka. Í rannsókninni voru tekin hálfopin djúpvíðtöl við starfsmenn grunnskóla í Reykjanesbæ. Í viðtölunum fylgdi rannsakandi tilteknum viðtalsramma með ákveðna áhersluþætti í huga. Lagt var upp með að hafa spurningarnar opnar til að ná góðu flæði á milli þátttakenda og rannsakanda svo rödd þeirra fengi að heyrast. Þannig fékk rannsakandi innsýn í hugarheim þátttakenda rannsóknarinnar (Braun og Clarke, 2006; Lichtman, 2013).

3.3 Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar voru valdir með hentugleikaúrtaki en þá eru einstaklingar valdir með tilgang rannsóknarinnar í huga. Líkt og kom fram er tilgangur rannsóknarinnar að skoða hvernig menntastefna hefur áhrif á starfsemi skólans og hver upplifun starfsfólks er af því í einum skóla. Skólinn sem um ræðir verður nefndur Lundarskóli í þessari rannsókn til þess að gæta nafnleyndar. Haft var samband við skólastjóra sem kom á sambandi við deildarstjóra miðstigs og kennara á miðstigi sem voru tilbúnir að taka þátt í rannsókninni. Þess ber að geta að rannsakandi óskaði eftir að taka viðtal við kennaramenntaðan kennara á

miðstigi en í skólanum var engin kennaramenntaður kennari á því skólastigi. Viðmælendur rannsóknarinnar eiga það sameiginlegt að starfa í sama skóla í Reykjanesbæ. Tekin voru viðtöl við þrjú starfsmenn skóla sem allir voru í mismunandi stöðu innan skólans. Frá öllum viðmælendum rannsóknarinnar var fengið upplýst samþykki og leyfi fyrir hljóðritun viðtalsins. Í eigindlegum rannsóknum er skoðuð sýn einstaklinga og þess vegna er mikilvægt að tryggja trúnað og dulkóða rekjanlegar upplýsingar (Lichtman, 2013). Hér er stutt lýsing á þátttakendum rannsóknarinnar en til að gæta trúnaðar fengu þeir gervinöfn. Ragnheiður, skólastjóri skólans, hóf þar störf fyrir þremur árum. Áður starfaði hún meðal annars sem grunnskólakennari, umsjónarmaður sérdeildar, deildarstjóri og aðstoðarskólastjóri. Fanney er deildarstjóri yngri barna skólans. Fanney er kennaramenntuð og hefur starfað sem kennari til margra ára og hefur lokið námskeiði fyrir stjórnendur hjá kennarasambandinu. Anna gegnir starfi kennara í 5. bekk í skólanum. Hún hefur lokið BA námi í uppeldis- og menntunarfræði og starfaði áður með börnum með fötlun.

3.4 Framkvæmd og greining gagna

Eftir að viðfangsefni rannsóknar var ákveðið var viðtalsrammi útbúinn í samráði við leiðbeinanda. Tvö viðtöl voru tekin í skólanum í fundarherbergi og eitt viðtalið var tekið í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams. Öll viðtölin voru um það bil klukkustund að lengd og hálf opin þar sem stuðst var við viðtalsramma (Lichtman, 2013). Sami viðtalsrammi var notaður í öllum viðtölunum en spurningarnar voru mismunandi eftir flæði viðtalsins. Eftir að rannsóknargögnum var safnað hófst úrvinnsla þeirra og greining.

Við úrvinnslu og greiningu gagna notaði rannsakandi þemagreiningu. Hún felur í sér að afrita viðtöl og kóða þau með því markmiði að finna ákveðin þemu (Braun og Clarke 2006). Við kóðun gagna í þessari rannsókn komu fram þrjú meginþemu: *Teymiskennsla*, *Einstaklingsmiðað nám og Gleði og vellíðan í skólastarfi*. Önnur gögn sem notuð voru: menntastefna stjórnvalda, menntastefna Reykjanesbæjar og menntastefna skólans sem kemur fram í skólanámskrá skólans. Skólanámskrá skólans er ekki getið í heimildaskrá til að gæta fyllsta trúnaðar. Öll gögn voru einnig þemagreind út frá þemum rannsóknarinnar. Þess má geta að rannsakandi átti þar að auki samtali við starfsmenn Reykjanesbæjar sem komu að gerð menntastefnu sveitarfélagsins, það var hljóðritað með þeirra leyfi og vitnað í sem munnlega heimild.

Notast var við nálgun grundaðrar kenningar (e. *grounded theory*) en í því felst að gögnin eru greind á kerfisbundin hátt sem hefur þann tilgang að kenningar þróist út frá gögnunum. Þemu rannsóknarinnar hafa þar af leiðandi áhrif á upprunalegt rannsóknarefni í stað þess að rannsóknin byggji á fyrirfram ákveðnum hugmyndum. Í gegnum rannsóknina er stöðugt samspil milli greiningar gagna og gagnasöfnunar. Þess ber að geta að í upphafi rannsóknar er

rannsóknarspurning opin en þegar líður á ferlið þá verður spurningin þrengri og hnitmiðaðri í samræmi við gögnin. Notast er við fyrri kenningar og fræðirit til að styrkja og þróa grunduðu kenninguna (Strauss og Corbin 1994; Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2013).

3.5 Siðferðileg álitamál

Í vísindalegri athugun er mikilvægt að huga að siðferðilegum þáttum þar sem upplýsinga er aflað um þátttakendur og síðan er unnið úr þeim. Ábyrgð rannsakanda er því mikil og honum ber að gæta fyllsta trúnaðar og friðhelgi þátttakenda. Þrátt fyrir að ekki hafi verið unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar í þessari rannsókn þá er mikilvægt að dulkóða gögnin til að sporna gegn því að hægt sé að rekja upplýsingarnar sem koma fram í gögnunum (Sigurður Kristinsson, 2013). Það sem gæti haft áhrif á niðurstöðurnar er að þátttakendur rannsóknarinnar starfa allir sem starfsmenn í sama skóla og voru ráðnir til starfa meðal annars vegna þess að þeir hafa sömu sýn og skólinn. Líkt og kemur fram hér að framan var haft samband við skólastjóra skólans sem valdi deildarstjóra og kennara út frá rannsóknarefninu. Það að skólastjórinn hafi valið starfsmenn út frá efni ritgerðarinnar getur skekk myndina af þekkingu og sýn starfsmanna skólans á menntastefnunni. Þar að auki getur það haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar að sá sem gegnir stöðu kennara hefur ekki faglegan grunn kennaramenntunar og hefur ekki lokið kennsluréttindum. Skólinn sem var valinn af hentugleika út frá upplýsingum sem rannsakandi fékk um menntastefnu skólans getur því haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar. Rannsakandi þekkti viðmælendur ekki áður en viðtölin voru tekin sem getur haft jákvæð áhrif á hlutleysi hans.

4 Niðurstöður og umræður

Hér verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Farið verður yfir stefnu Lundarskóla í Reykjanesbæ og upplifun starfsmanna af menntastefnu skólans. Við þemagreiningu gagna komu upp þrjú megin þemu: Teymiskennsla, einstaklingsmiðað nám og gleði og vellíðan í skólastarfi. Í töflu 1 má sjá þemu og undirþemu sem komu fram við greiningu gagna.

Tafla 1: Þemu

Teymiskennsla	Einstaklingsmiðað nám	Gleði og vellíðan í skólastarfi
Aðstaða	Nemandinn í forgrunni	Gleði og vellíðan nemenda
Samvinna	Fjölbreytt námsumhverfi	Líðan starfsfólks og nemenda

4.1 Teymiskennsla

Í Lundarskóla er lagt upp með teymiskennslu og hægt er að skilgreina skólann sem svokallaðan teymiskennsluskóla (Skólanámskrá). Til að koma þessari hugmyndafræði í framkvæmd fékk skólinn Ingvar Sigurgeirsson til að innleiða teymiskennslu í skólann. Fanney deildarstjóri segir frá því: „Hann er algjör svona teymis „gúru“ og bara algjör kennslusérfræðingur bara. ... Þannig við höfum fengið hann í þessa vinnu líka með okkur“. Samkvæmt Ingvari Sigurgeirssyni (2021) er teymiskennsla kennsla þar sem kennarar bera saman ábyrgð á árgangi og námsgreinum. Þeir vinna meðal annars saman að undirbúningi, hvernig kennslunni er háttað og mati á námi (Ingvar Sigurgeirsson, 2021). Ingvar Sigurgeirsson veitti einmitt Reykjanesbæ faglega ráðgjöf við gerð menntastefnunnar (Munnleg heimild, 25. mars). Í menntastefnunni er óbeint komið inn á teymiskennslu sem birtist í áherslu á að vinna í teymum og samvinnu. Í aðalnámskrá grunnskóla er ekki komið sérstaklega inn á teymiskennslu en lögð er áherslu á samvinnu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Rannsóknir um teymiskennslu hérlendis eru af skornum skammti en grundvöllur þess að hún gangi upp er að aðstæður þurfa að styðja við kennsluhættina og samvinna kennara þarf að vera góð (Ingvar Sigurgeirsson, 2021; Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2017).

4.1.1 Aðstaða

Lundarskóli er sérstaklega byggður með teymiskennslu í huga svo aðstaðan er tilvalin. Kennslustofur skólans sem hannaðar eru fyrir teymiskennslu eru kallaðar tvenndir. Þegar Ragnheiður (skólastjóri) var aðspurð hvað er átt við þegar talað er um tvenndir útskýrir hún fyrirkomulag kennslustofunnar: „Tvenndin er í rauninni eins og skólastofan en er alveg 450 fermetrar og skiptist svona eiginlega í tvennt í rauninni. ... tvenndin já er út frá því að það eru

tveir árgangar". Þegar kemur að innleiðingu teymiskennslu í skólastarfi hefur skipulag húsnæðis mikil áhrif á möguleika teymiskennslunnar. Það að Lundarskóli sé sérstaklega byggður til þess að vinna með teymiskennslu gerir það að verkum að húsnæðið styður við kennsluna og eykur möguleika á fjölbreyttum kennsluháttum (Ingvar Sigurgeirsson, 2021). Þátttakendur í rannsókninni minnst allir á að teymiskennsla er sýnileg í starfi og að þeir leggja ekki upp með hefðbundna kennslu eins og stóll, borð og barn. Ragnheiður (skólastjóri): „Í okkar starfi er það rosalega sýnilegt þegar þú ferð hér um bygginguna af því að frá grunni var í raun sýnin unnin og stefnan. Þannig að allt sem er hér inni er í takt við það“. Þegar Anna (gegnir stöðu kennara) var spurð hvort byggingin og aðstaðan hafi áhrif á skólastarfið svarar hún:

Ég hef náttúrulega aldrei unnið í venjulegri kennslustofu heh þannig að. Ég held það séu bara margir kostir og gallar eins og bara við allt, við að vera í svona opnu rými og vera í svona teymiskennslu. ... Af því þau eru öll bara hérna bara út um allt og þú veist stundum liggur maður á gólfinu og er að aðstoða þau eða upp í gluggakistu að sitja með þeim sem er bara ótrúlega gaman. Í staðin fyrir að vera alltaf bara eitthvað við kennaraborðið eða, þú veist við erum ekki einu sinni með kennaraborð sko.

Í niðurstöðum rannsóknar Ingvars Sigurgeirsonar (2021) kemur fram að þrátt fyrir ýmsar hindranir þá sé talsverður ávinningur af innleiðingu teymiskennslu í grunnskólastarfi. Ragnheiður (skólastjóri) minnst á að það hefði verið auðvelt að byggja skólann hefðbundið fyrir hefðbundna kennslu og skólastjórinn þurfti að standa fast á sínu. En þegar komin var mynd á skólann fóru þau að fá mikið hrós fyrir hversu vel tókst til. Ragnheiður (skólastjóri) nefnir dæmi um það:

Það er alveg gaman að maður fær bara hrós frá arkitektunum til dæmis. Þeir tala um að húsið sé byggt á ákveðinn hátt til þess að vinna með börnin á ákveðin hátt og við erum alveg að fylgja því eftir. Í staðinn fyrir ef það hefði einhver annar skólastjóri komið og þá hefði hann kannski byrjað að reisa vegg, skilurðu þannig að það þarf að tala saman þarna hljóð og mynd sko.

Hins vegar getur aðstaðan verið heftandi í byrjun starfs ef byggingin er ekki fullkláruð (Helgi Grímsson og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Það gerðist við uppbyggingu Lundarskóla eins og Ragnheiður segir frá því „Húsið átti að vera tilbúið en var ekki tilbúið... Þannig að við svona, upphafið var kannski svona losaralegt“. Aðstaðan styður við áherslu skólans á samvinnu nemenda. Ragnheiður (skólastjóri) segir frá því: „Öll húsgögn eru keypt fyrir, eða öll borð fyrir tvo eða fleiri, það er ekkert nemendaborð sem er keypt inn sem er bara fyrir

einn. Þau geta valið sér að vinna ein við þetta borð ef engin annar er en við viljum að þau séu alltaf hópur“. Líkt og Ragnheiður talar um styður umhverfið við starfshætti teymiskennslu og styður við samvinnu bæði kennara og nemenda.

4.1.2 Samvinna

Í Lundarskóla er lagt upp með mikilli samvinnu. Allir viðmælendur töluðu mikið um samvinnu. Samvinna er í raun ein af undirstöðum teymiskennslu. Fanney deildarstjóri segir: „Við leggjum rosalega mikla áherslu á teymisvinnu og samvinnu, bæði nemenda og starfsfólks“. Í frásögn þátttakenda mátti heyra að allir taka þátt í mótun starfsins hvort sem það eru stjórnendur skólans, kennarar, nemendur eða foreldrar. Fanney segir „Við stjórnendur höfum ekkert meiri áhrif kannski heldur en starfsfólkið við höfum svolítið reynt að hafa þetta í samvinnu, þú veist að vinna þetta saman“. Ragnheiður (skólastjóri) tekur í sama streng og segir: „Þó það sé búið að ákveða eitthvað þá kannski ekki endilega leiðina og það eru allir að fá að taka þátt í því og það er það sem er svo spennandi“. Í niðurstöðu rannsóknar Leithwood og Mascall (2008) er greint frá því að þegar völdum og ábyrgð er deilt á milli starfsfólks þá verða meiri afköst. Stjórnendateymi skólans leggur upp með að segja já þegar starfsfólk kemur með hugmyndir. Fanney (deildarstjóri) segir frá því: „... og við erum bara alltaf að segja við kennarana þú veist farðu þá leið sem þig langar og við höfum það að okkar leiðarljósi til dæmis stjórnendur hérna að ef við getum sagt já að segja já“. Í niðurstöðum Ingvars Sigurgeirsonar og Ingibjargar Kaldalóns (2017) kemur fram að starfsfólk í teymisskólum telur sig fá betri stuðning frá stjórnendum skóla heldur en starfsmenn hefðbundinna bekkjarskóla. Þegar Anna (gegnir stöðu kennara) var aðspurð hvort hún telji sig hafa þann sveigjanleika sem þarf til að aðlaga kennsluna á sinn eigin hátt og hafi áhrif á starfið svaraði hún játandi. Hún nefnir dæmi um það:

Þú veist við skoðuðum kennsluáætlunina frá því í fyrra, eða þú veist hittifyrra þá þarna hvað 2020-2021 og þú veist það var eitthvað sem að við tókum út og settum inn og þú veist ... það er alveg hægt að breyta þessu bara eins og þú vilt og eins og okkur hentar.

Það getur verið krefjandi að innleiða teymiskennslu. Það skiptir miklu máli að starfsmenn og stjórnendur séu samstíga. Ragnheiður (skólastjóri) segir frá þessu: „Þannig ég veit að það er alveg áskorun í rótgrónum gömlum skólum að ætla að fara í teymiskennslu eða hérna hætta með þetta námsefni og kenna frekar á þennan hátt, þú ert endalaust að lenda á veggjum sko“. Ein af ástæðum þess að kennarar geta átt erfitt með breytingar og innleiðingu nýrra kennsluhátta er að þeir upplifa óöryggi og stjórnleysi og telja sig ekki ráða jafn vel við starfið. Þess vegna skiptir sköpum hvernig innleiðingarferlinu er háttað (Helgi Grímsson og Anna

Kristín Sigurðardóttir, 2013). Margar rannsóknir greina frá því að til að teymiskennsla gangi vel þá þurfi samvinnan að vera góð. Í rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar (2021) kemur að sama skapi fram að eitt af helstu hindrunum teymiskennslu er ef að teymi ná ekki saman. Anna (gegnir stöðu kennara) segir frá þessu:

Um það er gott að hafa í huga að það kannski geta ekki allir unnið saman. Þú veist til dæmis með teymiskennsluna skilurðu. Þú veist það eru, það eru náttúrulega bara allir mismunandi og það eru kannski einhverjir sem geta bara alls ekki unnið saman og þá kannski svona gott að vera með svona auka plan hvað varðar það.

Rannsóknir sýna að teymiskennsla geri það að verkum að samstarf kennara eykst (Bolaji og Adesina, 2011; Haghighi og Abdollahi 2014; Ronfeldt o.fl., 2015). Auk þess leiða niðurstöður rannsóknar Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjargar Kaldalóns (2017) í ljós að meiri áhersla er á samvinnu í teymisskólum og samstarf kennara er nánara. Önnu finnst gott að geta unnið í teymi í kennslustundum. Hún telur að samvinna kennara geti leitt til betri hugmynda frekar en ef einungis einn kennari er í kennslu. Hún nefnir dæmi um það:

Kannski eru mínar hugmyndir bara þú veist ég fæ bara enga góða hugmynd í dag. En kannski er samstarfsfélagi minn bara með góðar hugmyndir, þá þú veist gætum við svona púslað þeim hugmyndum saman. Kannski er hann með góða hugmynd og ég með góða hugmynd sem kannski myndi fara saman.

Reykjanesbær leggur ríka áherslu á samvinnu í sinni menntastefnu. Það skiptir miklu máli að hvetja til og rækta samvinnu nemenda. Þegar þeir vinna saman og eru í samskiptum við hvert annað rækta þeir félagsfærni sína sem er undirstaða góðra samskipta, umburðarlyndis og vináttu. Þessi færni hjálpar börnum og ungmönnum að koma fram af virðingu, setja sig í spor annarra og tjá skoðanir sínar (Reykjanesbær, e.d.). Í skólanum er mikið lagt upp úr samvinnu nemenda. Ragnheiður (skólastjóri) segir frá því:

Þannig að það kemur rosalega skýrt fram þegar þú kemur inn í, að það er þetta það er meiri teymisvinna af því að við viljum að krakkarnir læri að vinna í teymum og þekki sýna styrkleika og veikleika og bara kunna að vinna í hóp.

Markmiðið með því er að styrkja félagsþroska nemenda og að þeir læri að vinna saman í fjölbreytum hópi fólks. Í bók Sahlberg (2017) kemur fram að samvinnunám er kennslufræði sem er mikið notuð í finnsku skólakerfi sem hefur vakið mikla athygli alþjóðlega fyrir velgengni. Foreldrar eiga að fá tækifæri á að taka þátt í skólastarfinu og góð samvinna þeirra

við kennara skiptir sköpum (Lög um grunnskóla 91/2008). Allir í grenndarsamfélagi skólans komu að því að velja gildi Lundarskóla. Ragnheiður (skólastjóri) segir frá því:

Þegar við unnum gildi skólans, þá byrjuðum við á starfsmönnum og það var bara Post-it miða vinna sem var ótrúlega góð. Uu þegar við vorum komin með það út úr starfsmannahópnum ... þá fórum við í nemendur og svo vorum við með fund með öllum foreldrum. Þannig að það fengu allir að taka þátt í hver eru gildi Lundarskóla og hérna, og úr því urðu þessi leiðarljós sem við erum með einkunnarorðin gleði, samvinna, vinátta og virðing. Þannig tóku allir þátt í að búa það til. Þannig allir eiga að geta tekið það til sín.

4.2 Einstaklingsmiðað nám

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur fram að skólinn eigi að taka mið af þörfum allra barna og ungmenna. Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er lögð áhersla á að stuðla að alhliða þroska nemenda. Nám skuli vera á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í umhverfi þar sem hann upplifir öryggi og að hæfileikar hans fái að skína. Grunnskólanámið á að taka mið af persónugerð, hæfileikum, þroska og getu allra nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla 2013; Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í nýju menntastefnu ríkisins er eitt af stoðum hennar jöfn tækifæri fyrir alla. Það sem felst í þeirri áherslu er til að mynda að bjóða upp á nám sem er við hæfi allra og fagna margbreytileika nemenda. Hægt er að gera það með því að vinna út frá áhuga og styrkleikum hvers og eins og leyfa þar með öllum nemendum að blómstra innan menntakerfisins (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2021). Einstaklingsmiðað nám er innleitt í starfi til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp. Svo að hægt sé að innleiða það í starfið er mikilvægt að koma til móts við þarfir nemenda og miða námið að því sem er þeim fyrir bestu. Hluti af því að koma til móts við nemendur er að bjóða upp á fjölbreytt námsumhverfi þar sem börnin fá val um hvað hentar þeim best (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

4.2.1 Nemandinn í forgrunn

Í Lundarskóla er einstaklingsmiðað nám í forgrunni. Ragnheiður (skólastjóri) segir frá þessu: „Þannig í rauninni svona skólastarfið er rosalega mikið út frá því að við erum með litla hópa, einstaklingsmiðað nám, mikla nálgun, allt mjög sveigjanlegt“. Í skólastarfinu virðist vera lagt upp með að koma til móts við nemandann og Fanney (deildarstjóri) hafði svipað að segja: „Við leggjum mikla áherslu á það við kennarana að þú veist hvað á ég að segja að mæta bara þörfum allra nemenda eins mikið og við getum gert. Við náttúrulega erum alltaf með þessa einstaklingsmiðun“. Ragnheiður (skólastjóri) er á sama máli og segir:

Ég er alveg sannfærð um það að þetta umhverfi sem ég setti af stað til þess að búa til þennan skóla er það sem skiptir máli fyrir einstaklinginn, svo honum líði vel svo hann standi teinréttur í 10. bekk og tekur á móti sínu alveg sama þó svo hann sé með C í stærðfræði sko. Skilurðu bara að hann fari stoltur út úr grunnskólanum af sjálfum sér og trúi því bara að hann geti allt skilurðu.

Skólar þurfa að vera í takti við tímann og veita nemendum tækifæri til þess að læra og öðlast þá þekkingu sem mun nýtast þeim og verður nauðsynlegt að kunna í framtíðinni (Sahlberg, 2017). Til að undirbúa unga fólkið fyrir framtíð þeirra þá er mikilvægt að rækta þeirra mannlegu eiginleika sem gagnast þeim í framtíðinni. Þessir huglægu þættir krefjast meðal annars tilfinninga- og dómgreindar, innsæis, samskiptafærni og getu til að leysa vandamál. Vel menntaðir einstaklingar með góða félagshæfni, eru skapandi og búa yfir gagnrýnni hugsun og eru verðmætir fyrir samfélagið. Framtíð íslensku þjóðarinnar veltur að miklu leyti á menntakerfinu og hvort það sé í takt við tímann (Huginn Freyr Þorsteinsson o.fl., 2019; Þingskjal nr. 310/2020-2021. Tillaga til þingsályktunar). Eitt af því sem viðmælendur rannsóknarinnar lögðu áherslu á er mikilvægi þess að koma til móts við þarfir nemenda. Fanney (deildarstjóri) minntist á að Aðalnámskrá grunnskóla mætti betur fara í þeim málum:

Þú veist aðalnámskrá grunnskóla er rosalega bókleg og það er ekkert allir þar, það er bara og við viljum ekkert hafa alla þar heldur. ... En ég er ekki að segja, mér finnst bara bóklegt nám mjög mikilvægt alveg hundrað prósent. ... Hluti þessara barna eru ekki að fara að vera læknar, þau eru að fara að vera eitthvað sem að, það er ekki komið heiti á það einu sinni ennþá. Og við þurfum að passa okkur að vera skóli þessara barna. Við þurfum að vera skóli nútímans og framtíðarinnar, ekki skóli fortíðarinnar, það er búið.

Menntamálaráðuneytið gaf út menntastefnu til ársins 2030 og spurning er hvort tekið hafi verið mið af væntanlegum breytingum samfélagsins (Huginn Freyr Þorsteinsson o.fl., 2019; Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun). Ein af stoðum menntastefnu ríkisins til 2030 er *hæfni fyrir framtíðina* þar sem lögð er áhersla á þá færni sem talin er mikilvæg fyrir framtíðina. Meðal þessara þátta er læsi, vísindi, sköpun, gagnrýn hugsun, iðn- og tækninám (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2021). Með tilkomu nýrrar menntastefnu eru aðrar áherslur, til að mynda er einblínt meira á hagsmuni nemenda en var gert áður (Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun). Varðandi þetta bætir Fanney (deildarstjóri) við: „Gott að það er búið að setja börnin í forgrunn ekki í rauninni bókina ... Mér finnst þetta oft hafa verið talað út frá kennurum. Mér finnst við núna tala um þetta út frá nemendum og þessari vellíðan“. Það er meðal annars gert með því að koma til móts við

nemendur. Ragnheiður (skólastjóri) kemur með dæmi um það hvernig nemendum er mætt þar sem þeir eru:

Öll stoðþjónusta okkar kemur inn í tvenndirnar. Þjónusta börnin þar sem þau eru, annað hvort í hópvinnu sem þau eru í eða hvar svo sem þau eru og svo eru svona lítil herbergi inn í tvenndinni þar sem þau geta farið afsíðis.

Í lögum um grunnskóla (91/2008) eiga skólar að innleiða hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Þar er greint frá því að koma eigi til móts við námsþarfir nemenda án aðgreiningar (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Fengin var starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að leggja mat á hvernig til tókst að framkvæma stefnuna *Skóli án aðgreiningar*. Mat starfshópsins var að illa hefur tekist til að innleiða stefnuna og brýn þörf er á umbótum. Má þar helst nefna að hún var ekki nægilega vel skilgreind af stjórnvöldum sem gerir það að verkum að reglugerðir og verklag skólastarfs samræmist ekki nægilega stefnunni. Mikill skortur hefur verið á skipulagi, til að mynda hefur verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verið óljós (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Ljóst er að óeining hefur verið á landinu um hvað skóli án aðgreiningar merkir og hvernig hægt er að útfæra það svo að allir nemendur fái gæðakennslu sem hentar getu og hæfni hvers og eins (Menntamálastofnun, 2019). Þess má einnig geta að þversögn er í lögnum varðandi að aðgreina ekki nemendur. Þar kemur fram að greina eigi og skima eftir erfiðleikum sem geta haft áhrif á nám og tryggja skuli að nemendur fái námsaðstoð við hæfi (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan skóla eða til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Hér er verið greina frá vanda sem þarf að laga með námsaðstoð til að passa inn í skólakerfið ef slíkt virkar ekki þá má aðgreina samkvæmt lögum. Það skiptir máli að öll börn geti sótt almennan skóla sérstaklega börn með sérstakar námsþarfir. Margir telja að sérkennslukerfi Finna sé einn helsti þáttur í velgengni í þeirra skólakerfi. Þeir leggja áherslu á að allir geti þurft einhvern tímann á stuðningi og hjálp að halda og það er hlutverk skólans að sinna þeim öllum og sérstaklega þeim sem þurfa á meiri hjálp að halda (Sahlberg, 2017).

4.2.2 Fjölbreytt námsumhverfi

Allir viðmælendur rannsóknarinnar lögðu mikla áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt námsumhverfi fyrir nemendur skólans. Ragnheiður (skólastjóri) útskýrir hvað felst í því: „Okkar stefna í rauninni gengur mikið út á herna þetta fjölbreytta vinnuumhverfi sem felst bæði í því hvernig þau vinna og hvar þau vinna“. Fanney (deildarstjóri) talar um að það kemur skýrt fram þegar komið er inn í skólann þetta fjölbreytta námsumhverfi hjá

nemendum skólans. Fanney (deildarstjóri) segir einnig frá því: „... og þú finnur það strax að þú veist hér eru aðeins öðruvísi hlutir í gangi og þú náttúrulega bara sérð það líka það er svo áberandi þegar þú kemur í rýmin að heh krakkarnir sitja út um allt og þú veist það er þínu lítið svona skipulagt kaos sko“. Anna er á sama máli og segir frá því að hún aðstoðar börnin þar sem þau eru. Anna (gegnir stöðu kennara) nefnir dæmi um þau vinnuumhverfi sem nemendur skólans velja sér að vinna í:

Þau geta verið á grjónapúðunum, þau geta verið á gólfinu, þau geta verið upp í gluggakistu, þú veist þau ráða bara hvar þau eru og þau mega færa sig til. Að bjóða upp á fjölbreytt námsumhverfi og bjóða upp á leiðir sem henta hverjum og einum hefur mikinn ávinning, sérstaklega fyrir börn með greiningar.

Eins og í flestum skólum eru börn í Lundarskóla með greiningar. Ragnheiður (skólastjóri): „Við erum náttúrulega með alla flóruna af einstaklingum með allan greiningarskalann“. Jafnframt segir Ragnheiður (skólastjóri) frá því að skólinn kemur til móts við þarfir nemenda með því að bjóða þeim upp á þetta fjölbreytta námsumhverfi:

Og að geta boðið upp á þetta fjölbreytta umhverfi, þessi fjölbreyttu rými út um allt af því við erum náttúrulega með börn með ótrúlega orkuþörf, við erum með börn sem eiga við allskonar vandamál að stríða. En við erum samt sem áður að ná að tæla þau með því að bjóða þeim upp á það sem við höfum.

Hér fyrir ofan er verið að lýsa hvernig nemendur hafa áhrif á hvar þeir vinna og þeir fá þann valkost að velja það sem hentar þeim best. Það kom einnig fram að nemendur fá að ákveða hvernig þeir vilja skila af sér verkefnum. Fanney (deildarstjóri) segir frá því:

Til dæmis bara skapandi skil á verkefnum, það er eitt. ... Skilin mega vera allskonar og ef að barnið finnur kannski ekkert af þessu finnst það vera að passa sér en langar að skila á einhvern ákveðin hátt og biður um það þá er það yfirleitt bara já. Ef það er þetta þú veist verið að tikka í þessi hæfniviðmið og box sem við erum að skoða sem eru gefin út af yfirvöldum skilurðu, hvaða hæfni sem er í aðalnámskrá grunnskóla. ... Að það sé ekki bara einhver ein hernaðarleið sem á að skila verkefnum heldur „hvernig langar þér að skila þessu verkefni“

Þetta samræmist því sem kemur fram í menntastefnu Reykjanesbæjar að fjölbreytni eigi að endurspeglast í starfinu með ólíkum starfsháttum og skipulagi í skólastarfi. Áhersluþátturinn *opnum hugann* í menntastefnu Reykjanesbæjar kemur einnig inn á skapandi skil. Þar er sagt frá því að fjölbreytt miðlun efnis þroskar sjálfstætt gildismat barna. Þar er lögð áhersla á mikilvægi þess að börn fái tækifæri til þess að vinna með ólík tjáningarform við miðlun. Þegar

nemendur fá tækifæri til tjáningar með skapandi og fjölbreyttum leiðum þá styrkir það um leið frumkvæði, sköpunargáfur og ímyndunarafli þeirra. Allir þessir þættir hvetja til frumleika og nýsköpunar (Reykjanesbær, e.d.). Samhliða því að nemendur fái að velja útfærslu á því hvernig þeir skila verkefnum og móta verkefni sín eftir getu og hæfni sem samræmist Aðalnámskrá grunnskóla (2013). Í rannsókn Amalíu Björnsdóttur og Kristínar Jónsdóttur (2014) sem var gerð hér á landi kemur fram að foreldrum þykir mikilvægt að nám barna sé einstaklingsmiðað. Hins vegar er um helmingur foreldra og meirihluti fagmenntaðra skólastarfsmanna sammála um að kennara skorti undirbúning til að skipuleggja kennsluna með þeim hætti (Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014). Anna nýtir undirbúningstímana til að aðlaga verkefni að einstaklingum og það hefur dugað henni hingað til. Anna (gegnir stöðu kennara) segir frá því hvernig hún gerir það:

Ég er með einhverja erlenda hjá mér og einhverja sem eru svona slakari eins og bara allir eru með og þá bara útbýr maður bara til öðruvísi verkefni. Þú veist við erum með einhverja sem eru af erlendum uppruna og þau eru ekki jafn góð í íslensku þú veist þá býr maður bara til léttara verkefni fyrir þau. Og kannski einhver er ekki jafn góður og þessi í stærðfræði þá bara býr maður til annað verkefni fyrir það sem er bara mjög skemmtilegt. Það er alltaf gaman að búa til eitthvað nýtt og líka bara gaman að sjá þegar þessir einstaklingar skilja líka verkefni. Þú veist þetta er kannski sama verkefni bara auðveldara, þú veist búið að setja þetta þú veist bara svona upp á auðveldan hátt fyrir þau, þannig að þau skilji þetta, þannig að maður þarf svolítið líka að kynnast krökkunum til þess að geta komið til móts við þau.

Menntastefna þarf að vera í takt við þá menningu sem ríkir innan sveitarfélaga. Reykjanesbær er fjölmenningsarsamfélag og hefur það óneitanlega áhrif á gerð menntastefnunnar. Í Reykjanesbæ er hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna og í menntastefnu Reykjanesbæjar er lögð áhersla á fjölbreytileikann sem kemur kannski ekki skýrt fram í menntastefnu ríkisins (Munnleg heimild, 25. mars). Í menntastefnu Reykjanesbæjar er kraftur fjölbreytileikans ein af stefnuáherslunum. Þar kemur meðal annars fram að bera þurfi virðingu fyrir ólíkri menningu og skoðunum (Reykjanesbær, e.d.). Hægt er að nýta tækni í námi til að koma betur til móts við einstaklinga. Ragnheiður (skólastjóri) minnst á þetta og segir að eftir að einstaklingsmiðaða námið var innleitt og þau fundu taktinn þá gekk starfið betur:

Þá gátum við verið að vinna með einstaklinginn miklu betur út frá því hvar hann var staðsettur og að nota svona tæki eins og spjaldtölvur þá er líka miklu

auðveldara að vinna með einstaklinginn út frá hans stöðu af því þá sér engin að hann er með öðruvísi bók. Af því þetta skiptir krakkana oft máli þegar þau eru komin á ákveðin aldur, að hinir sjá ekki að ég er öðruvísi.

Anna (gegnir stöðu kennara) talar einnig um að hægt sé að nýta spjaldtölvur til að koma betur til móts við nemendur og þeirra þarfir. En að það sé gott að hafa í huga að það hentar ekki öllum. Hún segir frá ferlinu hvernig hún miðar námið að einstaklingnum með tilkomu tækninnar:

Þú veist getur þessi unnið í Ipad eða ekki, ef ekki þá býr maður bara til útprentanlegt efni fyrir þann einstakling. Þú veist maður þarf líka bara að passa sig að, að þú veist færa ekki allt bara í „Ipadana“ af því það eru kannski ekkert allir sem geta unnið í Ipad. Þannig maður þarf að geta komið til móts við þá nemendur sem geta kannski bara unnið í Ipad, sem er líka bara góður kostur að vera svona mikið svona tæknivæddur skóli.

Líkt og fram hefur komið er rík áhersla lögð á að nemendur hafi val í Lundarskóla. Ragnheiður (skólastjóri) segir frá því að það sé einnig lagt mikið upp með þetta val í menntastefnu Reykjanesbæjar:

Það tek ég mest út úr menntastefnu Reykjanesbæjar, er að búa til þetta umhverfi sem er einstaklingsmiðað, sé gott og sé gaman og þeim líði vel. ... Uu við viljum líka náttúrulega að krakkarnir hafi val. Að það sé þetta lýðræði, að ég fái svolítið að velja líka hvernig ég skila af mér verkefnum. Þú vilt kannski gera plakat á meðan ég vil búa til ljóð á meðan þessi ætlar að gera trailer.

Fanney (deildarstjóri) útskýrir hvers vegna skólinn leggur þessa miklu áherslu á þetta fjölbreytta námsumhverfi og val nemandans:

Það fer svo lítið nám fram ef börnum líður ekki vel Í grunninn þarf öllum að líða vel og það er kannski það sem við erum að gera hér með því að hafa þetta fjölbreytta námsumhverfi og þú veist þetta flæði milli árganga og við erum að hvetja alla kennara til þess að fara óhefðbundnar leiðir í tengslum við námið ... svona að fjölbreytileikinn sé hafður að leiðarljósi.

4.3 Gleði og vellíðan í skólastarfi

Bersýnilegt var að mikil áhersla er lögð á gleði og vellíðan í Lundarskóla enda er það eitt af fjórum gildum skólans; gleði, vinátta, samvinna og virðing. Skólinn leggur mest upp úr gildinu gleði og Ragnheiður (skólastjóri) segir frá því:

„Þau eru öll jafn mikilvæg en við leggjum mest upp úr gleði af því að okkar sýn var að gera skólann skemmtilegan. Þannig að allt umhverfið hér er þannig hugsað, það eru óteljandi tæki og tól keypt inn til þess að gera námið skemmtilegt“.

Þessar áherslur eru í takt við menntastefnu ríkisins og menntastefnu bæjarins (Reykjanesbær, e.d.; Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun). Ein af stoðum menntastefnu ríkisins til ársins 2030 er vellíðan í öndvegi. Þar er lögð áhersla á að hlúa að geðheilsu og vellíðan barna og ungmenna í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2021). Það er margt sem bendir til þess að vellíðan nemenda hefur jákvæð áhrif á námsframvindu nemenda þess vegna skiptir miklu máli að hlúa að líðan nemenda og starfsfólks grunnskóla (Bird og Markle, 2012).

4.3.1 Gleði og vellíðan nemenda

Það kom skýrt fram í öllum viðtölunum að í Lundarskóla er mikil áhersla lögð á gleði. Anna (gegnir stöðu kennara) segir: „... og að númer eitt tvö og þrjú að þau séu að hafa gaman hérna. Þú veist það á ekki að vera leiðinlegt að mæta hérna og það á ekki að vera leiðinlegt, þú veist þau eiga ekki að vera hrædd við að mæta í skólann“. Fanney (deildarstjóri) er á sama máli og segir: „Númer eitt tvö og þrjú gleði og vellíðan“. Endurtekning skiptir máli. Ragnheiður (skólastjóri) segir:

Og svo erum við stanslaust bara gleði, gleði, gleði. Þó að náttúrulega hitt eins og ég segi er ekkert síður mikilvægt (mikilvægara) en við höldum það og vitum það að allar rannsóknir og allt sýnir það að ef það er gaman þá eigum við miklu auðveldara með að læra og þegar það verður auðvelt að læra þá verður líka gaman, þannig að þetta spilar allt svona saman.

Þetta samræmist menntastefnu Reykjanesbæjar þar sem rík áhersla er lögð á gleði barna og unglunga. Einn af áherslupáttum menntastefnu Reykjanesbæjar er *Mér líður vel*. Þar kemur fram að gleði þarf að vera ríkjandi í umhverfi barna og að vellíðan sé grundvöllur þess að börnum farnist vel. (Reykjanesbær, e.d.). Einnig kemur fram í aðalnámskrá grunnskóla (2013) að skólastarf þurfi að efla heilbrigði og stuðla að velferð og vellíðan nemenda. Líkt og kemur fram hér að ofan skiptir eftirfylgni miklu þegar kemur að innleiðingu á áherslum í starfi. Fanney (deildarstjóri) talar um þessa eftirfylgni og segir frá því hvers vegna hún er mikilvæg í þeirra starfi:

Passa okkur að detta ekki í eitthvað svona far sem að við viljum ekki vera í og við höldum náttúrulega starfsmannafundi og ég er með svona deildarfundi frá fyrsta

til sjötta bekk á sex vikna fresti og þar einmitt erum við alltaf svona að enda á því að muna svo að hafa þetta gaman og skemmtilegt.

Ragnheiður (skólastjóri) nefnir einnig dæmi um þessa eftirfylgni: „Við viljum að það sé gaman og starfsfólkið er reglulega spurt“ „hvað gerir þú til þess að gera skóladaginn skemmtilegan, fyrir barnið og fyrir þig? Af því það á bæði að vera gaman hjá þér og börnunum“. Allir viðmælendur tala um mikilvægi þess að öllum líði vel. Anna (gegnir stöðu kennara) segir: „Mér finnst bara ótrúlega mikilvægt að öllum líði vel og bara að, það eru allir velkomnir hingað“. Fanney (deildarstjóri) útskýrir mikilvægi þess að það sé lagt upp með vellíðan nemenda í skólastarfi:

Það verður að vera gleði og vellíðan annars... er ekkert að fara að gerast. Þú veist krakkarnir verða að fá að, það verður að vera þannig að það sé gott að koma hingað og annars fáum við ekkert frá þeim.

Heilbrigði og vellíðan nemenda er forsenda náms og góðs námsárangurs. Það skiptir miklu máli að skólastarfið stuðli að velferð og vellíðan barna þar sem að þau verja þar miklum tíma (Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sveinbjörn Kristjánsson, 2013). Í rannsókn Bird og Markle (2012) kemur fram að tengsl séu á milli vellíðan nemenda og námsárangurs. Þeir fjalla um ýmsa þætti sem hægt er að innleiða í skólastarfið til að auka vellíðan nemenda þar með talið markmiðasetningu, þakklætisæfingar og vinnu með styrkleika þeirra. Ragnheiður (skólastjóri) er á sama máli og samstarfsfélagar hennar:

Við viljum að hér sé gleði, viljum að skóladagurinn sé skemmtilegur og þegar krakkarnir okkar labba út á daginn að þau upplifi að hér sé gaman. Uu vellíðan er náttúrulega líka eitt af okkar lykilhugtökum varðandi það að þegar okkur líður vel þá gengur allt miklu betur.

Þegar kemur að gleði og vellíðan í starfi telur Fanney að skólinn sé að vinna í samræmi við menntastefnu Reykjanesbæjar. Fanney (deildarstjóri) segir frá þessu:

Mér finnst nýja menntastefna bæjarins mjög flott af því hún er svo víð þú veist hún fer inn á þetta tólmundastarf og líðan og öllum þurfi að líða vel og þú veist allt þetta og það náttúrulega sama og við erum að hugsa hér þú veist að það fer svo lítið nám fram ef börnum líður ekki vel. Þú veist mér finnst vera svona tenging kannski þar við þessa nýju stefnu bæjarins.

Í menntastefnu Reykjanesbæjar er lögð áherslu á að börnum og ungmönnum líði vel. Þar kemur fram að vellíðan er undirstaða þess að nemendur tileinki sér nám, öðlist hæfni og

farnist vel. (Reykjanesbær, e.d.). Enginn skóli í Reykjanesbæ hefur innleitt nýju menntastefnu Reykjanesbæjar *Með opnum hug og gleði í hjarta* að fullu og Lundarskóli fór ekki eftir þágildandi menntastefnu Reykjanesbæjar sem var gefin út árið 2016, þar sem hún var barn síns tíma (Munnleg heimild, 25. mars). Þrátt fyrir að menntastefna skólans hafi verið gerð áður en ný menntastefna Reykjanesbæjar var innleidd þá eiga þær margt sameiginlegt. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að lögð er áhersla á samvinnu, að koma til móts við þarfir nemenda og að hafa vellíðan þeirra í öndvegi í menntastefnu ríkisins, sveitarfélagsins og skólans. Tímaröðin bendir hins vegar til þess að líkindi stefnu hins opinbera og grunnskólans virðast hafa samræmst ómeðvitað frekar en meðvitað sem getur túlkast sem vankantur á rannsókninni. Ragnheiður (skólastjóri) segir: „Sko Reykjanesbær var að klára sína menntastefnu núna. Uu við náttúrulega unnum okkar stefnu áður en hún kom. Hún náttúrulega gengur ofsalega miklu leyti út frá vellíðan nemenda, að nemendur fá tækifæri til þess að í rauninni blómstra“. Þetta samræmist hugmyndafræðinni um jákvæða menntun sem hefur það meginmarkmið að stuðla að velferð og skapa jákvæðan skólabrag. Lagt er upp með að allir sem tilheyra skólasamfélaginu megi blómstra (Seligman, 2011).

4.3.2 Líðan starfsfólks og nemenda

Það skiptir miklu máli að starfsfólk og nemendur skóla líði vel. Anna (gegnir stöðu kennara) telur það vera á ábyrgð skólans að skapa jákvæðan skólabrag: „... og það er kannski líka bara á ábyrgð skólans að reyna að bera ábyrgð á því að öllum líði vel og þá byrjar það náttúrulega bara hjá starfsmönnum“. Í kerfakenningu Bronfenbrenner (1992) er einstaklingurinn skoðaður út frá þáttum í umhverfinu sem hafa áhrif á hann. Þegar nemendur eru skoðaðir út frá kenningu Bronfenbrenner þá sést greinilega að það sem hefur mest áhrif á hann innan veggja skólans er kennari hans. Nemandinn eyðir mestum tíma í skólastofu sinni með umsjónarkennara sínum og er í miklum samskiptum við hann. Umsjónakennarar eru því í kjörinni stöðu til að hafa jákvæð áhrif á líðan nemenda sinna.

Þegar komið er til móts við þarfir allra nemenda með einstaklingsmiðuðu námi þá getur fylgt því álag. Grunnskólakennarar eru undir miklu álagi í starfi. Í niðurstöðum rannsóknar Sifjar Einarsdóttur o.fl. (2019) kemur fram að það eru sterk tengsl álags við tilfinningaþrot og örmögnun. Samkvæmt Maslach og félögum (2001) er tilfinningaþrot undirstaða starfstengdrar kulnunar. Einkenni tilfinningaþrots og örmögnunarröskunar kennara hefur aukist talsvert á síðast liðnum árum sem bendir til þess að bæta þurfi starfsaðstæður kennara í grunnskólum (Sif Einarsdóttir og fleiri, 2019). Fanney (deildarstjóri) segir frá þessu: „Það eru alls kyns þú veist greiningar hjá börnum og allskonar hlutir og þetta er allt að hafa áhrif og kennarinn þetta er, þessu fylgir álag“. Með tilkomu Covid 19 urðu mikið af forföllum sem auka einnig álag á starfsfólk skólans. Anna (gegnir stöðu kennara) segir frá því:

En svo náttúrulega [var] mikið af forföllum, sérstaklega í byrjun árs. Þannig að maður var alveg að taka auka hægri, vinstri. Bara álag, þegar maður var í eyðu þá var maður kannski að kenna öðrum bekkjum af því það vantaði kannski báða kennarana þar eða eitthvað svoliðis.

Það mátti heyra af öllum þátttakendum að skortur væri á fjármagni í skólakerfinu sem gerir það að verkum að ekki er hægt að framkvæma allt það sem væri óskandi. Þar að auki var minnst á launakjör kennara og vöntun fagmenntaðra kennara. Anna (gegnir stöðu kennara) fjallar um þessi launakjör:

Þau eru bara voða léleg bara miðað við hvað við erum að leggja okkur mikið fram og bera ábyrgð á miklu. ... þessi laun segja okkur líka bara að það er skortur á þú veist kennurum og það er ekki margir sem fara í kennaranám þó að þau hafi kannski áhuga á því. ... Eða þú veist ég þekki marga einstaklinga sem hafa hætt við að fara í kennaranám út af laununum, af því þau eru svo léleg.

Hlutverk kennara er yfirgripsmikið og hefur mikil áhrif á gæði menntunar nemenda. Þar að auki bera grunnskólakennarar mikla ábyrgð þegar kemur að innleiðingu menntastefnu. Svo að hægt sé að hafa nám nemenda einstaklingsmiðað þá skiptir miklu máli að kennarar hafi menntun og þekkingu til þess að fylgja því eftir í starfi. Hins vegar er óraunhæft að leggja það undir eina starfsstétt að móta einstaklinga fyrir framtíðina heldur þarf þetta að vera samvinnuverkefni allra sem koma að börnum og unglingum. Allt grenndarsamfélag barna og unglunga kemur að uppeldi þeirra, líkt og hin fræga setningin segir „það þarf þorp til að ala upp barn“ (Clinton, 1996). Þetta er í samræmi við innleiðingaráætlun menntastefnu Íslands til 2030 þar sem lögð er áhersla á að stefnan varðar marga aðila þar á meðal foreldra (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2021). Auk þess er ein af stefnuáherslum menntastefnu Reykjanesbæjar *allir með* þar sem áhersla er lögð á samfélagslega virkni og að það sé hlutverk okkar allra að ala upp börnin í samfélaginu okkar (Reykjanesbær, e.d.). Það sem Ragnheiður (skólastjóri) talaði um að vantaði mest upp á í þeirra starfi er fjármagn, reynsla og þekking. Hún talaði um að hún hafi ekki fengið neinar umsóknir frá fólki með reynslu á að starfa í grunnskóla. Með takmarkað fjármagn er erfitt að hafa fjölbreyttar fagstéttir sem hafa það hlutverk að koma til móts við nemendur og auka vellíðan þeirra. Ragnheiður (skólastjóri) segir frá þessu:

Þannig að til þess að geta þjónustað alla þá þætti sem við eigum að gera til þess að barninu vegni sem best þá þurfum við fleiri fagstéttir eins og félagsráðgjafa ... En svo það sem við rekum okkur á er náttúrulega vanlíðan barna, erfiðleikar í hegðun og foreldrar ráðþrota. Þannig að vera með félagsráðgjafa bara í fullu

starfi þar sem hann er að hitta nemendur, að hitta foreldra er svona að leiðbeina, kenna og hérna aðstoða er held ég það sem okkur sem stofnun til dæmis vantar.

Ragnheiður (skólastjóri) talar um að það liggi í fjármagninu að geta boðið upp á slíka þjónustu: „En hérna, en það sem snýr svona að börnunum að þá og heimilunum eru þessar fjölbreyttu fagstéttir finnast mér. Þannig að þetta liggur allt í fjármagninu sko“. Fanney (deildarstjóri) talar líka um að þegar verið er að innleiða nýja menntastefnu þá þurfa yfirvöld að huga að því að til sé nægilegt fjármagn til að fylgja því eftir: „Það þarf að passa að það sé til fjármagn til þess að gera þessa hluti“. Til þess að tryggja að markmið menntastefnu til ársins 2030 verði innleidd í starfið þarf hið opinbera að gera ráðstafanir á fjármagni samhliða því (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2021). Þrátt fyrir ýmsar áskoranir í starfi þá virðist starfsfólki Lundarskóla almennt líða vel, Anna (gegnir stöðu kennara) segir frá því: „Svo náttúrulega er bara alltaf gleði hérna og bara gaman að vera hérna, manni líður vel“. Ekki er hægt að segja til um hvort nemendum líði vel innan skólans en margt bendir til þess að kennsluhættirnar og skólaumgjörðin styðji við vellíðan nemenda.

5 Lokaorð

Markmið rannsóknarinnar er að öðlast innsýn í upplifun skólafólks af menntastefnu grunnskóla. Rannsakanda þykir mikilvægt að varpa ljósi á upplifun þeirra af henni þar sem þeir hafa það hlutverk að innleiða hana. Í þessum kafla verður rýnt í niðurstöður til að leita svara við rannsóknarspurningu ritgerðarinnar: *Hvernig hefur menntastefna áhrif á skólafarf og hver er upplifun starfsfólks af menntastefnu grunnskóla?*

Þessu rannsóknarinnar eru þeir þættir menntastefnunnar sem eru innleiddir í skólafarfið. Þessir þættir eru teymiskennsla, að námið sé einstaklingsmiðað þar að auki er mikil áhersla lögð á gleði og vellíðan í skólafarfinu. Það er í raun undir skólafarjörndum komið hvaða þætti þeir vilja leggja áherslu á við innleiðingu menntastefnu. Það er mismunandi hvaða þætti skólafarf leggja áherslu á sem getur verið bæði kostur og galli fyrir íslenskt menntakerfi. Þar sem fjölbreytileikinn gerir það að verkum að ólíkir skólafarf henti ólíkum nemendum en á hinn bóginn getur það haft áhrif á gæði menntunar og samræmi í menntakerfinu í heild sinni. Gleði og vellíðan nemenda er undirstaða náms og mikilvægt er að skólafarfið litist af því. Þegar börnum líður vel þá eru þau móttækilegri fyrir að rækta hæfni sína innan veggja skólans. Það virðist margt benda til þess að svo hægt sé að laða fram það besta hjá hverjum og einum einstaklingi þarf að vinna út frá áhuga og styrkleikum hvers og eins.

Skólafarf sem tók þátt í þessari rannsókn var tiltölulega nýbúinn að móta og innleiða umrædda menntastefnu skólans. Til að byrja með er auðveldara að fylgja stefnunni en svo er áskorun að fylgja henni eftir til lengri tíma. Mikilvægt er að aðlagða stefnuna að breytingum samfélagsins til þess að koma í veg fyrir úreldingu hennar. Menntastefnan þarf að vera lifandi og það þarf að endurskoða hana reglulega með gagnrýnum augum og huga að betrubótum. Undirstaða þess að stefnunni sé framfylgt er að stjörndur skóla séu sveigjanlegir og opnir fyrir nýjum hugmyndum. Það væri áhugavert að rannsaka aftur eftir fimm eða tíu ár og skoða hvort stefnan sé ennþá sýnileg í starfi skólans, eða jafnvel hverju hefur verið breytt í takt við tíðaranda samfélagsins.

Ríkisvaldið og sveitarfélög setja línur um hvernig skólafarfi eigi að vera háttað. Í raun má segja að skólafarfnar stóli á pólitískar ákvarðanir sem ráða hvað eigi að einblína á í starfinu. Hlutverk skólans er að ákveða hvernig innleiða eigi þættina í skólafarfið og fylgja þeim eftir. Það vakti athygli rannsakanda að í viðtölunum var áberandi að starfsfólk skólans taldi mikla vöntun á stuðningi frá hinu opinbera til þess að geta innleitt menntastefnu í skólafarfið. Stuðningur frá ríki og sveitarfélögum er nauðsynlegur til að hægt sé að innleiða menntastefnuna að mati viðmælenda. Þar að auki spilar eftirfylgni lykilhutverk í farsælli innleiðingu menntastefnu líkt og kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar. Þetta styður við

gagnrýni OECD samtakanna að hlutverkaskipting ríkis og sveitarfélaga er óljós þegar kemur að eftirliti og stuðningsþjónustu (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2021). Huga þarf að umbótum og skilgreina hlutverk stofnanna betur svo að innleiðing nýrrar menntastefnu geti verið farsæl. Upplifun skólustarfsmanna af nýrri menntastefnu hins opinbera var hins vegar almennt jákvæð. Þeim fannst áherslur hennar miða að nemendum og þeirra vellíðan. Starfsmennirnir töldu nýju menntastefnuna vera í takt við tímann ólíkt eldri stefnum.

Hægt er að draga þær ályktanir að mikill metnaður hefur farið í mótun menntastefnu hérlandis á undanförunum árum. Hins vegar virðast hafa verið ýmsir hnökrar við innleiðingu hennar, fyrirheit ekki nægilega uppfyllt og skortur á eftirfylgni af hálfu hins opinbera. Auk þess sem niðurstöðurnar benda til þess að kennara upplifa vöntun á stuðningi til þess að innleiða stefnuna að fullu. Til að sjá til þess að menntastefnu ríkisins sé fylgt eftir er helsta verkefni ríkisvaldsins og sveitarfélaga að halda menntastefnunni lifandi. Hættan er sú að ef eftirfylgni og innleiðingu er ekki sinnt þá geta stefnuþlög líkt og þessi gleymst ofan í skúffu. Ef að inntak menntastefnunnar á að nýtist í skólustarfi þarf hið opinbera einnig að fjárfesta í innleiðingarferlinu svo að öll sú vinna sem fór í stefnumótunina falli ekki niður. Það verður áhugavert að sjá hvort að búið verði að innleiða þessar stefnur árið 2030 í grunnskólum landsins og hvernig stefnumál menntakerfisins á Íslandi mun þróast með tímanum. Það er margt sem getur breyst á tíu árum og mikilvægt er að endurskoða menntastefnuna jafn óðum til að sporna gegn því að hún verið orðin úrelt árið 2030 og stefnuvinnan komin aftur byrjunarreit.

Þegar kemur að umbótum á sviðum samfélagsins er iðulega horft til vísinda og rannsókna, sama ætti að eiga við um íslenska menntakerfið. Auka þarf rannsóknir á þessu sviði, sérstaklega þegar kemur að mati á gæðum skólustarfsins og eftirfylgni menntastefnu hins opinbera. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa innsýn inn í innleiðingu menntastefnu grunnskóla. Í framhaldi af þessari rannsókn væri áhugavert að taka fyrir alla skóla í Reykjanesbæ og kanna hvernig til hefur tekist að innleiða menntastefnu bæjarins. Það gæti verið gagnlegt fyrir sveitarfélagið að fá heilstæða mynd á hvernig til tekst að innleiða menntastefnuna og hvað megi gera betur. Hægt væri að nýta þær niðurstöður til umbóta fyrir menntastefnu sveitarfélagsins eða jafnvel bera þær saman við önnur sveitarfélög auk þess sem hægt væri að skoða hvort tengsl séu á milli farsællar innleiðingar á menntastefnu hjá skólum og farsælu skólustarfi.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.

Aizawa, I. og Rose, H. (2018). An analysis of Japan's english as medium of instruction initiatives within higher education: The gap between meso-level policy and micro-level practice. *Higher education*, 77, 1125—1142.

Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna skóla. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*, 29–56. Rannís. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/228>

Ball, S. J. (1993). What is policy? Texts, trajectories and toolboxes. *Discourse: Studies in the Cultural Politics of Education*, 13, 10–17. <https://doi.org/10.1080/0159630930130203>

Ball, S. J. (1997). Policy sociology and critical social research: A personal review of recent education policy and policy research. *British Educational Research Journal* 23(3), 257—274. <https://doi.org/10.1080/0141192970230302>

Berger, K. (2017). *The developing person through the life span*. (10. útgáfa). Palgrave.

Bird, J. og Markle, R. (2012). Subjective well-being in school environments: Promoting positive youth development through evidence-based assessment and intervention. *The American Journal of Orthopsychiatry*, 82, 61—66. <https://doi.org/10.1111/j.1939-0025.2011.01127.x>

Birna Svanbjörnsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Laufey Petrea Magnúsdóttir, Rúnar Sigþórsson og Trausti Þorsteinsson. (2019). *Menntun fyrir alla – horft fram á veginn*. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=99266f21-3909-11ea-9451-005056bc530c>

Bolaji, O. A. og Adesina, A. E. (2011). Reforming basic science teaching and learning in primary schools through mutual team teaching: A study of Oyo east local government area of Oyo state. *International Journal of Academic Research in Business and Social Sciences*, 1(3). <https://doi.org/10.6007/ijarbss.v1i3.56>

Borg, S. (2015). *English medium instruction in Iraqi Kurdistan: Perspectives from lecturers at state universities*. British Council. https://www.teachingenglish.org.uk/sites/teacheng/files/pub_Teaching%20English_Publication%20En_Web%20version_v1.pdf

Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2). <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>

- Bronfenbrenner, U. (1992). Ecological systems theory. Í R. Vasta (ritstjóri), *Six theories of child development: Revised formulations and current issues*, 187–249. Jessica Kingsley Publishers.
- Clinton. H. R. (1996). *It takes a village: and other lessons children teach us*. Simon & Schuster.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1938).
- Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Birna M. Svanbjörnsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2021). Framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla á Íslandi: Viðhorf starfsfólks og tillögur um aðgerðir. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.
<https://doi.org/10.24270/netla.2021.7>
- Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun* (2. útgáfa). Í Loftur Guttormsson (ritstjóri ritraðar), Heimildarrit í íslenskri uppeldis-og skólasögu: 1. bindi. Háskólaútgáfan.
- Haghighi, J. K. og Abdollahi K. (2014). On the efficacy of team teaching and station teaching in the enhancement of students' reading comprehension in an EAP situation. *Procedia – Social and Behavioral Sciences*, 98(6), 882–890.
<https://doi.org/10.1016/j.sbspro.2014.03.496>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2022*.
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=f921a7df-587e-4a37-a0c9-ba5b8b709c9f
- Helgi Grímsson og Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Nám og námsumhverfi 21. aldarinnar: Væntingar og veruleiki. *Uppeldi og menntun*, 22(1), 9–30.
<https://timarit.is/page/6009706#page/n0/mode/2up>
- Hermundur Sigmundsson. (2019). Læsi er lykill að þekkingu. *Skólavarðan*, 19(2). 56–57.
<https://timarit.is/issue/413195>
- Huginn Freyr Þorsteinsson, Guðmundur Jónsson, Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir, Lilja Dögg Jónsdóttir og Kristinn R. Þórisson. (2019). *Ísland og fjórða iðnbyltingin*. Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Framtidarnefnd/Fjorda-idnbyltingin-skyrsla.pdf>
- Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sveinbjörn Kristjánsson (ritstjórar). (2013). *Heilsueflandi grunnskóli*.
https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item20698/Heilsueflandi%20grunnskoli_0208.pdf

- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2017). Er samvinna lykill að skólaþróun? Samanburður á bekkjarkennsluskólum og teymiskennsluskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/10.pdf>
- Ingvar Sigurgeirsson. (2021). Það er alltaf þessi faglega samræða. Innleiðing teymiskennslu í tólf grunnskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.1>
- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. (2022). *Heildaryfirlit framlaga 2021*. <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Sveitarstjornar--og-byggsdamal/Jofnunarjodur/uThlutanir-Jofnunarjods/2021/Heildaryfirlit%202021%2016.02.2022.pdf>
- Kristján Kristjánsson (umsjónarmaður). (2022). *Sprengisandur*. [útvarpsþáttur]. Bylgjan. <https://www.visir.is/k/1d2870c7-941c-4e59-9ac5-10b1600da887-1649587479636?fbclid=IwAR1WwHOo1Uk5GhYuwCpTIEUizPJw32fgMOn2wecC6Br9z1DxMfAadKHvj7c>
- Leithwood, K. og Mascall, B. (2008). Collective leadership effects on student achievement. *Educational Administration Quarterly*, 44(4), 529–561. <https://doi.org/10.1177/0013161X08321221>
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide*. (3. Útgáfa). Sage.
- Lin, L. og Morrison, B. (2010). The impact of the medium of instruction in Hong Kong secondary schools on tertiary students' vocabulary. *Journal of English for Academic Purposes*, 9(4), 255–266. <https://doi.org/10.1016/j.jeap.2010.09.002>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.
- Maslach, C., Schaufeli, W. B. og Leither, M. P. (2001). Job burnout. *Annual Review of Psychology*, 52, 397–422. <https://doi.org/10.1146/annurev.psych.52.1.397>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Mat á stefnu um skóla án aðgreiningar*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2015/skyrrsla_starfshoops_um_mat_a_menntastefnu_loka.pdf
- Organisation for Economic Co-operation and Development. (2021). *Iceland education policy 2030 and its implementation*. <https://doi.org/10.1787/6e9d2811-en>
- Pijl, S. J. og Frissen, P. H. A. (2009). What policymakers can do to make education inclusive. *Educational Management Administration & Leadership*, 37(3), 366–377. <https://doi.org/10.1177/1741143209102789>

Reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018.

Reykjanesbær. (e.d.). *Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2013*.

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stefnumotun/stefnur-og-samthykktir/menntastefna-reykjanesbaejar-2021-2030>

Ronfeldt, M., Farmer, S. O., Mcqueen, K. og Grissom, J. A. (2015). Teacher collaboration in instructional teams and student achievement. *American Educational Research Journal*, 52(3), 475—514. <https://doi.org/10.3102/0002831215585562>

Sagan okkar. (e.d.). Facebook.

https://www.facebook.com/groups/saganokkar/?ref=pages_profile_groups_tab&source_id=104915321795412

Sahlberg, P. (2017). *Finnska leiðin* (Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi). Félag grunnskólakennara.

Schaefer, T. og Kieslinger, B. (2016). Supporting emerging forms of citizen science: A plea for diversity, creativity and social innovation. *Journal of Science Communication*, 15. <https://doi.org/10.22323/2.15020402>

Seligman, M. E. (2011). *Flourish: A visionary new understanding of happiness and well-being*. Simon & Schuster.

Sif Einarsdóttir, Regína Bergdís Erlingsdóttir, Amalía Björgvinsdóttir og Ásta Snorradóttir.

(2019). Kulnun kennara og starfsaðstæður: Þróun og samanburður við aðra opinbera sérfræðinga. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.

<https://doi.org/10.24270/netla.2019.12>

Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 71–88. Ásprent Stíll.

Siry, C. (2020). Science education during times of crisis: Calling for reflections, responses, and forward thinking from the CSSE community. *Cultural Studies of Science Education*, 15(2), 317—322. <https://doi.org/10.1007/s11422-020-09985-5>

Stjórnarráð Íslands. (2017). *Hugtök er varðar undirbúning og mótun stefnu*.

<https://www.stjornarradid.is/gogn/stefnur-og-aetlanir/hugtakalisti/>

Struss, A. og Corbin, J. (1994). Grounded theory methodology: An overview. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (Ritstjórn), *Handbook of qualitative research*, 273–285. Sage Publications.

Unnur Guðrún Óttarsdóttir. (2013). Grunduð kenning og teiknaðar skýringarmyndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 361–375. Ásprent Stíll.

Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030.

Þingskjal nr. 310/2020 –2021. Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030.

Viðauki A: Viðtalsrammi

1. Hvert er hlutverk þitt og starf innan skólans?
2. Hver er þinn skilningur á menntastefnu? Hvað er menntastefna í þínum huga?
3. Hvaða skjöl eða gögn tengir þú við menntastefnu? Hvar birtist menntastefnan að þínu mati? Hverjar eru birtingamyndir menntastefnu að þínu mati?
4. Hver er tilgangur menntastefnu að þínu mati? Hvað gerir hún fyrir þig og þitt starf?
5. Hvað eru gildi í þínum huga þegar kemur að skólastarfi? Hvernig stóð skólinn að því að upplýsa þig og aðra um gildi og menntastefnu skólans?
6. Hverjar eru áherslur þínar þegar kemur að innleiðingu menntastefnu skólans?
7. Hvernig hefur menntastefna skólans áhrif á daglegt starf í skólanum?
8. Hvaða áhrif telur þú þig hafa á því hvernig stefnan er útfærð?
9. Hvaða stuðning telur þú þig hafa þegar kemur að innleiðingu menntastefnu skólans?
10. Hvaða áhrif höfðu ákvarðanir stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum á það hvernig stefnu skólans var fylgt?
11. Hvernig finnst þér ytra eftirlit með gæðum grunnskólastarfsins og framgang menntastefnunnar?
12. Hvernig er fyrirliggjandi stefna og reglugerðir ríkisins og sveitarfélaga í samræmi við stefnu skólans að þínu mati? Ef svo er að hvaða leyti?
13. Hvað mætti betur fara að hálfu hinu opinbera í menntastefnu grunnskóla?
14. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma að framfæri að lokum?